



Ársskýrsla BLÍ



2022-2023

Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ.....	3
Nefndir BLÍ.....	4
Skýrsla stjórnar BLÍ 2022-2023.....	7
Stjórn og framkvæmdastjórn	7
Íþróttalegt starf og fjármál.....	7
Fjölmíðlar og samskipti	8
Blakfólk ársins	8
Erlend samskipti.....	9
Fjármál	9
Framtíðin.....	9
Skýrsla mótanefndar BLÍ	10
Skýrsla frá Strandblaksnefnd BLÍ	15
Inngangur.....	15
Stigameistari 2022	15
Íslandsmeistara 2022	16
Fjárhagur.....	16
Lokaorð	16
Skýrsla afreksnefndar BLÍ	17
Starfsskýrsla afreks- og styrktarsjóðs ungra og efnilegra	19
Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ	20
Skýrsla dómaranefndar BLÍ	22
Ársreikningur 2022.....	23
Viðaukar.....	33

Blaksamband Íslands

2022-2023

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Steinn Einarsson
Gjaldkeri	Auður Ösp Jónsdóttir
Ritari	Hjördís Eiríksdóttir
Meðstjórnandi	Valgeir Bergmann
Varastjórn	Ásta Sigrún Gylfadóttir Róborg Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri	Katrín Einarsdóttir
Verkefnastjóri	Rósborg Halldórsdóttir

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður
Óskar Þórðarson

Sigríður Þrúður

Starfsmaður nefndar

Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri

Landsliðsnefnd

Steinn Guðni Einarsson, formaður

Arnar Már Sigurðsson

Einar Friðgeir Björnsson

Hjördís Eiríksdóttir

Dómaranefnd

Jason Ívarsson, formaður

Jón Ólafur Valdimarsson

Sigríður Halldóra Pálsdóttir

Árni Jón Eggertsson

Starfsmaður nefndar

Sævar Guðmundsson

Yngriflokkaráð

Hafsteinn Valdimarsson, formaður

Signý Þöll Kristinsdóttir (Vesturland)

Halldór Elvarsson (Suðvesturland)

Pétur Ingi Haraldsson (Norðurland)

Sigríður Þórarinsdóttir (Austurland)

Aganefnd

Brynjar Júlíus Pétursson

Hreggviður Norðdahl

Þorvaldur Sigurðsson

Strandblaknefnd

Valgeir Bergmann, formaður

Sigurður Garðar Barðason

Benedkt baldur

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson

Hjörtur Halldórsson

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Rósborg Halldórsdóttir, formaður

Birkir Freyr Elvarsson

Paula del Olmo

Rósa Dögg Ægisdóttir

Thelma Dögg Grétarsdóttir

Tinna Rut Þórarinsdóttir

Öldungaráð

Magnús Haukur Ásgeirsson

Einar Hannesson

Hannes Garðarsson

Auður Ösp Jónsdóttir

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2023

ár	fjöldi	ár	1. fjöldi	2. ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1983	3. 2426	4. 1997	1592	2011	2316
1970	237	1984	5. 2362	6. 1998	1217	2012	2337
1971	479	1985	7. 2362	8. 1999	1662	2013	2785
1972	649	1986	9. 2775	10. 2000	1862	2014	2987
1973	855	1987	11. 2955	12. 2001	1345	2015	3149
1974	1334	1988	13. 2906	14. 2002	1786	2016	3323
1975	1609	1989	15. 2869	16. 2003	1981	2017	3193
1976	1974	1990	17. 2718	18. 2004	1830	2018	3439
1977	2257	1991	19. 2567	20. 2005	1624	2019	3195
1978	2501	1992	21. 2200	22. 2006	1827	2020	3317
1979	2567	1993	23. 2074	24. 2007	1918	2021	3560
1980	2579	1994	25. 1848	26. 2008	2076	2022	2134
1981	2513	1995	27. 1961	28. 2009	2005		
1982	2519	1996	29. 1592	30. 2010	2013		

Ársþing BLÍ 13. Mars 2023

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/stjórna
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	0	1	1
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	178	2	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	278	7	1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	172	4	1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	236	6	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	33	1	1
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	372	4	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	ÍBH	85	1	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	225	10	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	ÍBV	9	0	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	ÍRB	102	1	1
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍS	7	4	1
Ungmennna og íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	503	6	1
Ungmennna og íþróttasamband Fjallabyggðar	UÍF	171	3	1
Ungmennnasamband Borgarfjarðar	UMSB	15	1	1
Ungmennnasamband Eyjafjarðar	UMSE	136	1	1
Ungmennnasamband Kjalarnespings	UMSK	771	12	1
Ungmennnasamband Skagafjarðar	UMSS	19	1	1
Ungmennnasambandið Úlfliótur	USÚ	183	1	1
Ungmennnasamband V-Húnavetninga	USVH	16	1	1
Ungmennnasamband V-Skaftafellssýslu	USVS	49	0	1
Samtals		3560	67	21

21 af 21 sambandsaðilar með þingfulltrúa
úr 58 félögum víðsvegar um landið
33 virkt félag með lið í Íslandsmóti 2021-2022

Samtals fulltrúar 88

Dagskrá

51. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 15. apríl 2023, kl. 09:30

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laganefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé – kl.12:00 Verðlaunaafhending Lið ársins 2023-2024

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2022-2023

Stjórn og framkvæmdastjórn

Þingheimur 50. ársþings BLÍ kaus þær Hrafnhildi Theódórsdóttir og Auði Ösp Jónsdóttir í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Grétar Eggertsson, Steinn Einarsson og Valgeir Bergmann. Í varastjórn voru þau kosin Ásta Sigrún Gylfadóttir, Hjördís Eiríksdóttir og Rósborg Halldórsdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Formaður Grétar Eggertsson, varaformaður Steinn Einarsson, gjaldkeri Auður Ösp Jónsdóttir, ritari Hrafnhildur Theódórsdóttir og meðstjórnandi Valgeir Bergmann. Á starfsárinu þá varð breyting í stjórn þar sem Hrafnhildur Theódórsdóttir vék úr stjórn og Hjördís Eiríksdóttir tók við hennar stöðu í aðalstjórn sem ritari stjórnar.

Miklar breytingar hafa orðið á skrifstofu sambandsins á liðnu ári. Pálmi Blængsson tók við starfi framkvæmdastjóra í maí 2022 og var starfandi framkvæmdastjóri fram til um miðjan janúar 2023 en lét þá af störfum. Í hans stað var ráðin Katrín Einarsdóttir og tók hún við starfi framkvæmdastjóra í janúar 2023. Ólafur Þór Júlíusson mótastjóri sambandsins lét af störfum í maí 2022 og í hans stað var ráðin Rósborg Halldórsdóttir í 50% starf. Burkhard Disch sem hefur gengt störfum Afreksstjóra BLÍ lét einnig af störfum í janúar 2023 og er stjórn BLÍ að meta næstu skref varðandi starf Afreksstjóra. Stjórn BLÍ er með fasta stjórnarfundi fyrsta þriðjudag í mánuði en auk fastra funda eru töluverð samskipti á milli aðila.

Íþróttalegt starf og fjármál

Í skýrslum mótanefndar og afreksnefndar er farið vel yfir mótahald og starfsemi landsliðanna á liðnu tímabili og má lesa þar um niðurstöður og verkefni.

Mörg verkefni hjá landsliðum Íslands voru á dagskrá á liðnu tímabili og óhætt að segja að sjaldan hafi verið fleiri verkefni í gangi. Tekin var sú ákvörðun að taka þátt í undankeppnum EM fyrir A landsliðin í blaki og einnig tóku U21 landslið kvenna í undankeppni EM sem og U22 karla. Ásamt þáttöku í undankeppni EM að þá var tekið þátt í Smáþjóðamótum ásamt því að yngri landsliðin tóku þátt í NEVZA.

Það var mikil áskorun fyrir A landsliðin okkar að taka þátt í undankeppnum EM en ekki síður reyndi þetta á starfsfólk sambandsins og sjálfboðaliða. Það er nokkuð um liðið síðan að liðin tóku þátt í svona sterkri undankeppni og fyrirfram var alveg ljóst að það yrði á brattann að sækja. Íslensku liðin voru með þeim yngstu sem tóku þátt í keppninni og því mikil ábyrgð sem lögð var á herðar þeirra.

Árangurinn inn á vellinum var þannig að allir leikir töpuðust en bæði lið áttu góða kafla í öllum leikjum. Ekki er hægt að segja að niðurstaðan hafi verið vonbrigði þar sem fyrirfram var vitað að róðurinn yrði erfiður. Það keppnisfyrirkomulag sem var leikið eftir var einnig með þeim hætti að mikið álag var á stuttum tíma þar sem leikið var mjög þétt og mikil ferðalög.

Það er alveg ljóst að Blaksambandið er stolt af íþróttafólkinu sínu, af starfsmönnum sambandsins og ekki síst sjálfboðaliðunum, þar sem allir lögðu hjarta og sál í þetta stóra verkefni. Það er því ömurleg staðreynd og ekki réttlætanlegt á neinn hátt að landsliðsfólkið, sem keppir fyrir hönd þjóðar sinnar, þurfi að greiða stóran hluta af þeim gjöldum, sem þátttakan í slíkri keppni kostar, úr eigin vasa. Þetta er samt sú staðreynd sem blakið stendur frammi fyrir og hefur alltaf gert. Ekki er nóg með að afreksfólkið okkar greiðir fyrir að taka þátt heldur er það einnig að fórna launum, fríum og verður fyrir öðrum kostnaði við undirbúning og æfingar fyrir keppni fyrir Ísland. Því miður er það svo að fjárhagur sambandsins er með þeim hætti að þar eru ekki digrir sjóðir og sú nóturlega niðurstaða blasir við að fjárhagur Blaksambands Íslands er mjög erfiður eftir að hafa tekið þá ákvörðun að hafa metnað til þess að taka þátt í undankeppni EM, sem er og á alltaf að vera eitt að hlutverki Blaksambands Íslands.

Uppbygging afreksstarfs kostar og það kostar að ná árangri. Vandamál Blaksambandsins, og líklega annarra íþróttagreina, er að leiðin að árangri kostar mest í uppbyggingarfasanum og þá er einnig oftast erfiðast að fá inn sterka bakhjarla til að aðstoða við uppbygginguna og tryggja að hægt sé að halda úti faglegu starfi sem er ekki á kostnað afreksmannsins. Við verðum að tryggja að þær aðstæður séu til staðar fyrir afreksfólkið okkar að þau geti valið að gefa kost á sér í landslið Íslands án þess að því fylgi fjárhagsleg áhætta eða að val á landsliði fari eftir fjárhag.

Mikilvægt er fyrir okkur sem erum í stjórn sambandsins að horfa til þess umhverfis sem við erum í dag og leita tækifæra til að efla og styrkja fjárhagslegt umhverfi íþróttarinnar, það er okkar stóra verkefni og skylda. Til þess þarf sameiginlegt átak og samstarf við blakfjölskylduna því ekkert sérsamband býr yfir jafn fjölbreyttum hóp iðkenda.

Fjölmiðlar og samskipti

Kjörisbikarkeppnin er sá gluggi þar sem blakið er sýnilegast á sjónvarpsmiðlum og í fyrsta skipti í ár að þá voru beinar útsendingar frá undanúrslitum karla og kvenna. Vel var staðið að þessu verkefni frá RUV og vonandi að þetta fyrirkomulag verði áfram.

Fjölmiðlaumfjöllun er sífelld áskorun og hefur sýnileiki íþróttarinnar því miður lítið breyst þegar kemur að almennri fjölmiðlaumfjöllun. Staðreyndin er engu síður sú að framboð til að sjá og fylgjast með íþróttinni er til staðar það sem allir leikir efstu deilda eru í streymi og er Blaksambandið eitt af fáum sérsamböndum þar sem hægt er að sjá alla leiki. Umræða um aðgengi, kostnað og gæði útsendinga hefur komið upp á því keppnistímabili sem stendur nú yfir. Sú umræða er góð og við þurfum að taka hana áfram í sameiningu þar sem við þurfum að velta fyrir okkur hvernig við getum nýtt þennan glugga betur sem streymið býður upp á. Einnig eigum við að skoða hvernig getum við aukið gæðin og ekki síst að koma íþróttinni betur á framfæri til hins almenna íþróttááhugamanns. Þetta er ekki einkamál stjórnar sambandsins heldur er þetta og þarf að vera sameiginlegt markmið og keppikefli okkar allra að stækka íþróttina og gera hana sýnilegri.

Kostnaður vegna útsendingar í undakeppni EM var umtalsverður þar sem Blaksambandinu var skylt að senda út frá öllum heimaleikjum keppinnar. Þetta er kostnaður sem gekk erfiðlega að fjármagna og við uppgjör á mótinu að þá var þetta einn af stóru kostnaðarliðum vegna mótahaldsins. Töluverð gagnrýni kom fram vegna þessa kostnaðar og þetta er klárlega eitt af þeim verkefnum sem Blaksambandið þarf að yfirfara og læra af. Ákjósanlegast hefði verið að útsendingar hefðu verið án kostnaðar þar sem um landslið Íslands er ræða og að íþróttin sitji við sama borð og aðrar boltagreinar.

Blakfólk ársins

Blakkona ársins er Valdís Kapítola Þorvarðardóttir. Valdís er 22 ára, uppalin hjá Þrótti Neskaupstað en hefur spilað með KA síðan 2019. Á síðasta leiktímabili vann liðið alla þrjá titlana sem í boði voru. Að loknum bikar úrslitaleik var Valdís valin maður leiksins og einnig var hún kosin besti frelsingi úrvalsdeildar BLÍ að deildarkeppni lokinni.

Valdís tók þátt í undankeppni Evrópumótsins með A landsliðinu s.l. haust en liðið spilaði sex leiki. Þar spilar hún stórt hlutverk í móttöku og varnarlínu liðsins. Valdís er mikill fyrirmyndar leikmaður innan sem utan vallar.

Blakmaður ársins er Ævarr Freyr Birgisson.

Ævarr Freyr er 26 ára uppallinn KA maður en leikur nú sitt fimmta tímabil með Marienlyst í Danmörku. En hann hélt utan í nám haustið 2018 og hefur spilað með Marienlyst síðan.

Marienlyst er í þriðja sæti sem stendur í dönsku úrvalsdeildinni og stefnir á titla á þessu leiktímabili.

Ævarr spilar þar lykil hlutverk.

Ævarr spilaði einnig stórt hlutverk með A landsliðinu sem tók þátt í undankeppni Evrópumótsins nú í sumar. Ævarr er ekki bara góður blakari heldur er hann góður liðsfélagi og góð fyrirmynd yngri leikmanna.

Erlend samskipti

Formaður BLÍ og varaformaður tóku þátt í ársþingi FIVB sem haldið var Arnhem í Hollandi í september 2022. Þá voru ýmsir rafrænir fundir með erlendum aðilum sem bæði formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í en lítið var um ferðalög til útlanda á starfsárinu. Einnig var tæknifundur Nevza haldinn í Færeyjum í apríl 2022.

Í febrúar 2023 fóru formaður og framkvæmdastjóri í heimsókn til CEV í Lúxemborg en það var í tilefni þess að þá var fyrsti fundur í sameiginlegu Erasmus verkefni „Play Volleyball, Grow With It“ en það verkefni er leitt af CEV. Ísland vinnur í þessu verkefni ásamt Austurríki, Írlandi, Rúmeníu og Búlgaríu en auk þessarar landa er það Háskólinn í Köln sem tekur þátt í þessu verkefni. Verkefnið er framhald af Skólablaksverkefni BLÍ.

Fjármál

Fjármál sambandsins eru erfið eftir kostnaðarsamar keppnir og meiri umsýslu en áður. Velta ársins 2021 var um kr. 75.000.000 og hafði þá aldrei verið meiri. Á árinu 2022 var veltan kr. 92.000.000 en skuldahliðin er erfið. Það er því ljóst að framundan er áskorun í rekstri og verður það hlutverk næsta árs að ná jafnvægi. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi fyrir árið 2022.

Framtíðin

Síðasta starfsár var mikil áskorun í rekstri sambandsins, bæði innan og utan vallar. Það var mikið lagt á nýja starfsmenn að stíga inn í krefjandi aðstæður og krefjandi verkefni. Eitt af því sem síðasta starfsár kenndi okkur var að skrifstofa Blaksambands Íslands er undirmönnuð og því er það eitt af þeim stóru verkefnum að efla skrifstofu sambandsins. Í dag er 1 ½ stöðugildi starfandi á skrifstofu BLÍ en ef horft er til annarra boltasambanda að þá eru þar 5-6 starfsmenn. Til þess að BLÍ geti sinnt sínu þjónustu- og forystuhlutverki að þá segir það sig sjálft að það verður ekki gert með þeim starfsmannafjölda sem til staðar er í dag. Það þarf að efla íþrótt- og afreksshluta sambandsins samhliða því að byggja upp öflugt yngri flokka starf.

Til að efla faglegt starf og þjónustuhlutverk BLÍ þarf að koma til aukið fjármagn frá ríkinu. Ríkið þarf að tryggja sérsamböndum rekstrarlegan grunn til þess að geta sinnt sínu hlutverki, hlutverki sem allir eru sammála um að hafi veigamiklu hlutverki að gegna í okkar samfélagi en því miður ekki metið að verðleikum fjárhagslega.

Þrátt fyrir erfitt ár rekstrarlega að þá er ekki verið að leggja árar í bát. Við þurfum og eigum að hugsa stórt. Á undanförunum árum höfum við byggt upp grunn að góðum verkefnum sem munu styrkja blak til framtíðar. Mikilvægi þess að geta aukið við faglega vinnu sambandsins er eitt af þeim verkefnum sem þarf að festa í sessi og þarf þar að horfa til margra þátta. Áframhaldandi uppbygging á þjálfaramenntun, auka fræðslu- og útbreiðsluverkefni ásamt Skólablakinu eru verkefni sem eru enn að þróast og í þeim liggja mörg tækifæri. Eitt af þeim verkefnum sem ekki hefur verið veitt nægjanleg athygli og það er aðgengi og sýnileiki íþróttarinnar á skólalóðum og almenningssvæðum. Í dag er ekki til staðar á leikvöllum skólalóða nein aðstaða sem styður við blakíþróttina sem aðrar boltagreinar bjóða upp á. Hér þarf að leita lausna og leiða í samstarfi við sveitarfélög að bæta úr þessu. Í þessu liggja mikil tækifæri

Krefjandi ár eru að baki og framundan eru tímar með tækifæri til að efla íþróttina bæði innan vallar og utan. Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum sambandsins fyrir þeirra stuðning við hreyfinguna og ekki síður vill blaksambandið þakka öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta starfsári.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2022-2023 voru það Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður mótanefndar BLÍ, Óskar Þórðarson og Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir sem skipuðu mótanefnd. Rósborg Halldórsdóttir er nýskipaður mótastjóri og vinnur það í samstarfi við mótanefnd.

LOK TÍMABILSINS 2021-2022

Úrslitakeppni úrvalsdeilda lauk í maí með sigri Hamars í karlaflokki og KA í kvennaflokki. Bæði liðin unnu því þrefalt á tímabilinu 2021-2022.

Í byrjun júní hætti Óli Þór Júlíusson sem mótastjóri og Rósborg Halldórsdóttir tók við starfinu.

Yngri flokka mót voru haldin í maí 2022 þar sem Íslandsmeistarar voru krýndir í eftirfarandi flokkum:

Flokkur	Íslandsmeistarar
U12 piltar	Völsungur
U12 stúlkur	Vestri
U14 piltar	Þróttur Nes
U14 stúlkur	KA A
U16 piltar	Vestri
U16 stúlkur	Þróttur Nes

KEPPNISTÍMABILID 2022-2023

Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að mótahald vetrarins fór fram án raskanna vegna Covid-19 nema fyrir það að skráningar í ýmsum deildum voru opnar langt fram á haust. Þetta hafði áhrif á niðurröðun í deildir sem og fjármál sambandsins. Samtals tóku 99 lið þátt í Íslandsmóti fullorðinna og 66 í Íslandsmótum yngri flokka. Aga- og úrskurðarnefnd tók á þremur málum þetta tímabil.

ÚRVALSDEILDIR

Skráð voru til leiks 7 karlalið og 7 kvennalið í úrvalsdeildir.

Keppnistímabilið hófst með leikjum í **meistarakeppni BLÍ** þar sem Íslandsmeistarar og bikarmeistara frá liðnu tímabili mættust í árlegum leik. Hamar vann lið KA í karlaflokki og KA vann lið Aftureldingar í kvennaflokki en báðir leikir fóru fram í KA heimilinu á Akureyri.

Ekki var boðið upp á **haustmót** þar sem engir mótshaldarar sóttu um að halda mótið.

Prófað var nýtt fyrirkomulag í **úrvalsdeildum** þetta tímabil þar sem spiluð var tvöföld umferð og svo var deildinni skipt í efri (3 lið) og neðri (4 lið) riðil og spiluð einföld umferð. Efstu 3 liðin kepptu um deildarmeistaratitilinn og héldu áfram að safna stigum úr fyrstu tveimur umferðunum. Neðri 4 liðin kepptust um að komast í úrslitakeppnina. Vegna oddatölu fengu ekki öll lið sama leikjafjölda og er mótakerfið sem notast er við ekki með uppsetningu sem hentar fullkomlega fyrir þetta fyrirkomulag. Til þess að halda fólki upplýstu voru sendir reglulegir tölvupóstar á keppnisliðin sem og upplýsingar settar á Facebook fyrir þá sem vilja fylgjast með. Sex lið komast áfram í úrslitakeppnina og í fyrstu umferð sitja efstu tvö liðin hjá. Til að komast í undanúrslit þarf að vinna tvo leiki, en ef sigrar skiptast á milli liða þá er spiluð gullhrina upp í 15 stig burt séð frá hrinuhlutfalli. Í undanúrslitum þarf að vinna 2 leiki til að komast í úrslit en þar þarf að vinna 3 leiki til þess að vinna Íslandsmeistaratitilinn.

Deildarkeppni hófst aðeins seinna en venjulega vegna þátttöku landsliðanna í undankeppni EM 2023. Þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur deildarkeppni klárast. Hamar eru deildarmeistarar karla KA eru deildarmeistarar kvenna.

Einhverjar frestanir hafa orðið á leikjum vegna veðurs og má þá helst horfa á snjóflóðahættu sem myndaðist í Neskaupstað í lok mars. Hægt er að skoða úrslit og tölfræði allra leikja í úrvalsdeild á heimasíðunni.

Úrvalsdeild karla 2022-2023:

Efri kross karla (1.-3. sæti)			
	stig eftir deildarkeppni	stig í krossumferð	stig samtals
Hamar	31	5	36
Afturelding	26	2	28
KA	22	2	24
Neðri kross karla (4.-6. sæti)			
Vestri	17	3	26
Þróttur Fjarðabyggð	14	5	19
HK	14	4	18
Stál-Úlfur	2	0	2

Úrvalsdeild kvenna 2022-2023:

Efri kross kvenna (1.-3. sæti)			
	stig eftir deildarkeppni	stig í krossumferð	stig samtals
KA	28	3	31
Álftanes	25	3	28
Afturelding	24	3	27
Neðri kross kvenna (4.-6. sæti)			
Völsungur	18	9	27
HK	13	6	19
Þróttur Fjarðabyggð	14	0	14
Þróttur Reykjavík	4	3	7

Á Reykjavíkurlaikunum í strandblaki í janúar 2023 voru leikmenn í **úrvalsliði** fyrra hluta leiktímabilsins verðlaunaðir og í maí verður lið ársins 2022-2023 kunngjört.



Úrslitakeppni hefst 12. apríl og lýkur í síðasta lagi 12.maí.

Kjörísbikarkeppnin fór fram dagana 9.-11. mars 2023 í Digranesi. Skráning var heldur dræm þetta tímabilið og voru einungis 9 karlalið (úrvalsdeildarliðin auk Völsungs og Blakfélags Hafnafjarðar) og 8 kvennalið (úrvalsdeildarlið auk Blakfélags Hafnafjarðar) skráð til leiks. Farið var beint í 8 liða úrslit í kvennaflokki en í karlaflokki þurfti að leika einn leik áður en farið var í 8 liða úrslitin.

Undanúrslit og úrslit voru spiluð í Digranesi. Undanúrslit karla voru á fimmtudagskvöldi og undanúrslit kvenna á föstudagskvöldi. Úrslitin voru svo spiluð á laugardegi. Sýnt var frá öllum leikjum í beinni útsendingu á RÚV. Karlalið Hamars og kvennalið KA fóru með sigur að hólmi og eru Kjörísbikarmeistarar 2023 líkt og 2022. Þetta var þriðji bikaritill Hamars í röð.

Úrslit í Kjörísbikar karla 2023:

4.2.2023 - 15:00	Íþróttahöllin á Húsavík	Völsungur		3 - 0		Blakfélag Hfj.
------------------	-------------------------	-----------	---	-------	---	----------------

8 liða úrslit

22.2.2023 - 19:00	Digranes	HK		1 - 3		Afturelding
22.2.2023 - 19:30	Íþróttahúsið í Hveragerði	Hamar		3 - 1		Stál-Úlfur
25.2.2023 - 13:00	KA-heimilið	KA		3 - 1		Þróttur Fjarðabyggð
25.2.2023 - 13:00	Íþróttahöllin á Húsavík	Völsungur		1 - 3		Vestri

Úrslitahelgi karla

9.3.2023 - 17:30	Digranes	Vestri		3 - 1		KA
9.3.2023 - 20:15	Digranes	Hamar		3 - 0		Afturelding
11.3.2023 - 13:00	Digranes	Vestri		1 - 3		Hamar

MVP: Marcin Graszka

Úrslit í Kjörísbikar kvenna 2023:

24.2.2023 - 19:30	Laugardalshöll	Þróttur Reykjavík		1 - 3		HK
25.2.2023 - 15:00	Íþróttahöllin á Húsavík	Völsungur		3 - 1		Afturelding
25.2.2023 - 15:00	KA-heimilið	KA		3 - 1		Álftanes
26.2.2023 - 15:00	Ásvellir	Blakfélag Hfj.		0 - 3		Þróttur Fjarðabyggð

Undanúrslit kvenna

10.3.2023 - 17:30	Digranes	Völsungur		1 - 3		HK
10.3.2023 - 20:15	Digranes	Þróttur Fjarðabyggð		0 - 3		KA

Úrslit kvenna

11.3.2023 - 15:30	Digranes	HK		0 - 3		KA
-------------------	----------	----	---	-------	---	----

MVP: Helena Kristín Gunnarsdóttir

1. DEILDIR

Skráning jókst í 1. deild kvenna en minnkaði í 1. deild karla frá síðasta ári. 7 lið voru skráð í kvennaflokki, þar af 3 B-lið úrvalsdeilda og nýliðar Hugins frá Seyðisfirði. Spiluð var þreföld umferð og urðu HK B deildarmeistarar með minnsta mögulega mun.

Stigatafla í 1. deild kvk:

Lið	Stig	Leikir			Hrinur		Stig	
		Spilaðir	Unnir	Tapaðir	Unnar	Tapaðar	Unnin	Töpuð
 HK B	49	18	16	2	50	8	1414	918
 Ýmir	49	18	17	1	51	9	1475	1134
 Álftanes B	27	18	9	9	33	33	1373	1414
 Fylkir	26	18	9	9	32	33	1383	1365
 HK Ungar	15	18	5	13	21	44	1232	1475
 Afturelding B	15	18	5	13	19	42	1219	1423
 Huginn	8	18	2	16	13	50	1130	1497

Úrlistakeppni 1. deildar kvenna verður tvískipt þar sem þau fjögur 1. deildar lið sem ekki eru B-lið spila sín á milli undanúrslit 14. apríl og um þriðja og fyrsta sætið 16. apríl. B-liðin þrjú auk Þróttar Reykjavík, sem endaði í 7. sæti úrvalsdeildar, spila sín á milli undanúrslit og úrslit 16. apríl.

Aðeins voru 3 lið skráð í 1. deild karla þannig að sú deild var lögð niður þetta tímabil. Liðin skráð í 1. deild karla fengu sæti í 2. deild.

NEÐRI DEILDIR

Skráning barst frá 78 liðum í neðri deildir þar sem spilað var í 5 kvennadeildum og 2 karladeildum. Spiluð var einföld umferð á tveimur helgarmótum (nóvember og janúar) og svo var hverri deild skipt í efri og neðri úrslit og spilað var til úrslita á þriðja helgarmótinu í janúar.

Deild	1. sæti	2. sæti	3. sæti
2. kvk	Afturelding X	Fylkir B	UMF Hjalti
3. kvk	KA Krákur	KA Skautar	Þróttur R E
4. kvk	HK U	KA Freyjur	Blakfélag Hfj. B
5. kvk	KA Skautar B	Afturelding Bombur	Rimar
6. kvk	Þróttur N D	KA Skutlur/Eik	KA U
2. kk	Völsungur/Efling	Fylkir Polska	BF
3. kk	Vestri	Afturelding Ungir	UMFL

3 lið fara upp og niður um deildir en ekki er skylda að lið í 2. deild fari upp í 1. deild. Hægt er að skoða úrslit leikja og stöðutöflur deilda inn á heimasíðu BLÍ.

YNGRI FLOKKAR

Mikil fjölgun var af liðum í yngri flokkum en samtals hafa 66 mismunandi lið tekið þátt í yngri flokka mótum.

6 héraðsmót voru á dagatalinu en aðeins voru haldin nokkur landshlutamót og þá flest fyrir norðan.

Bikarmót yngri flokka fór fram á Akureyri 18.-19. Febrúar en þar tóku 45 lið þátt. Krýndir voru bikarmeistarar í U20 flokkum en þar voru Völsungar sem hömpuðu titlinum í karlaflokki og HK í kvennaflokki. Úrslit í U14 og U16 flokkum voru svo spiluð í Digranesi 12. mars í beinu framhaldi af Kjörísbikarnum. Þar urðu HK bikarmeistarar í U14 flokki karla og KA í U14 flokki kvenna. Í U16 karla urðu KA/Völsungur bikarmeistarar og í kvennaflokki tóku Þróttur Nes titilinn. KAtv var með útsendingu frá úrslitum yngri flokka og var umgjörðin og stemningin með besta móti.

Keppt var í flokkum U12, U14 og U16 á **Íslandsmótinu** að hausti sem haldið var að Varmá en að vori bætast þar við U20 flokkar. Íslandsmótinu lýkur í maí mánuði þar sem keppt verður bæði í Neskaupstað og á Ísafirði og þá verða krýndir Íslandsmeistarar í ofangreindum keppnisflokkum. Öll úrslit úr bikarkeppni og Íslandsmóti yngri flokka má finna á heimasíðu BLÍ.

Stofnuð var ný U20 deild karla innan yngri flokkana þar sem spilað er um deildar- og Íslandsmeistaratitla á bæði helgarmótum og í tveimur aðskildum deildarkeppnum (norðaustur- og suðvesturdeildum). Þar voru 7 lið skráð til leiks sem komu saman í nóvember og mars og spiluðu einfalda umferð á hvorri helgi þar sem vinna þurfti tvær hrinur til að sigra. Þess á milli spiluðu liðin fjögur í norðaustur deildinni tvöfalda umferð sín á milli og liðin þrjú í suðvestur deildinni spiluðu þrefalda umferð sín á milli, auk þess sem að gestalið á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í deildinni. Vinna þarf þrjár hrinur í deildarleikjum og er umgjörð sú sama og í úrvalsdeild.

Eftir að keppni lýkur í maí þá munu tvö efstu liðin í hvorri deild spila undanúrslit og úrslit um Íslandsmeistaratitilinn í U20 flokki karla.

Mótanefnd og yngri flokka ráð, sem skipað er af mótshöldurum tímabilsins, sáu alfarið um mótamál yngri flokka og voru í samstarfi við Vettvang Íþróttta í uppsetningu á Íslandsmóti yngri flokka.

Skýrsla rituð af Rósborgu Halldórsdóttur, mótastjóra BLÍ

Mótanefnd BLÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Óskar Þórðarson

Skýrsla frá Strandblaksnefnd BLÍ

Inngangur

Strandblaksnefnd BLÍ sumarið 2022 var skipuð sömu stjórn og árið áður þó stjórn hafi verið frekar óvirk og lítið um formlega fundi þetta tímabilið. Í lok mars var auglýst eftir mótshöldurum og var ákveðið að byrja fyrir og vera með alls 6 mót í stað 5 móta árið áður.

Ákveðið var að fyrsta mót skyldi haldið í byrjun júní og markmiðið var að halda mót aðra hverja helgi yfir sumarið og enda með Íslandsmóttinu á Menningarnótt en Íslandsmót unglunga var haldið samhlið stigamóti 5 í Kjarnaskógi. Þetta gekk upp þrátt fyrir að ekki fengjast mótshaldarar fyrir öll mótin í byrjun en leikmenn kvennalandsliðs Íslands tóku að sér eitt mót og Blakfélag Hafnarfjarðar tók að sér að sjá um Íslandsmótið til viðbótar við stigamót 2.

Strandblaksmótaröðin fékk styrktaraðila og nýtt nafn, CELSIUS-MÓTARÖÐIN. Kynningarefni var samræmt og sá styrktaraðilinn um að útvega öll verðlaun sem kom sér vel fyrir fjárhag mótshaldara.



DAGSETNING	MÓTSHALDARI	MÓTSTAÐUR
3.-5. Júní	Þróttur Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið
17.-19. Júní	Blakfélag Hafnarfjarðar	Höfuðborgarsvæðið
1.-3. Júlí	Höfrungur	Þingeyri/Ísafjörður
15.-17. Júlí	BLÍ	Höfuðborgarsvæðið
5.-7. Ágúst	KA	Akureyri, Kjarnaskógur
18.-21. Ágúst	Íslandsmót BLÍ	Höfuðborgarsvæðið

Strandblak var aftur á dagskrá á Reykjavíkurlaikunum (RIG) sem haldnir voru í lok janúar 2023. Eins og í fyrra fór mótið fram í Sandkastalanum, spilað var eftir fyrirkomulaginu Kóngur/Drottning vallarins. Engin útsending var á RÚV eins og árið áður en þess í stað var beint streymi af Facebook síðu BLÍ og Sandkastalans. Alls voru 12 karlalið og 6 kvennalið skráð til leiks.

Kóngar vallarins: Oscar Fernandez Celis og Zdravko Kamenov Jivkov

Drottningar vallarins: Linda Persson og Charlotta Björk Steinþórsdóttir

Stigameistari 2022

Í karlaflokki varð Janis Novikovs stigahæstur með 455 stig.

Í kvennaflokki varð Linda Persson stigahæst með 437 stig.

Heildar stigalisti allra keppenda frá 2016 til 2022 má sjá á heimasíðunni www.stigakerfi.net

Íslandsmeistara 2022

Í karlaflokki urðu þeir Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández Celis Íslandsmeistarar annað árið í röð en þeir unnu Bjarka Benediktsson og Mateusz Klóska 2-0 (21:19 og 21:16).

Í kvennaflokki urðu Elísabet Einarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir Íslandsmeistarar en þær unnu Lindu Persson og Margréti Maren Guðmundsdóttur 2-0 (21:9 og 21:19).

Úrslit úr öðrum deildum má sjá á [heimasíðu BLÍ](#).

Í unglingsflokki urðu Sóldís Júlía Sigurpálsdóttir og Helena Kristjánsdóttir Íslandsmeistarar í stúlknaflökki og í drengjaflokki þeir Einar Arngæir Heiðarsson og Fjölur Logi Halldórsson.



(mynd: Valli Bergmann)

Fjárhagur

Tekjur vegna skráningargjalda námu 2.213.000 kr. og voru greiddar út 1.831.200 kr. til mótshaldara. Staða á reikningi strandblaksnefndar var um áramótið 518.240 kr. Fyrir næsta sumar er gert ráð fyrir að fjárfest verði í fleiri boltum, vatnsheldum stigaspjöldum og í skoðun er að fjárfesta í myndavél þannig að hægt sé að streyma frá mótum á YouTube rás BLÍ.

Lokaorð

Strandblaksnefnd vill þakka öllum mótshöldurum, sjálfboðaliðum og styrktaraðilanum, Celsius, fyrir samstarfið í sumar. Jafnframt óskar nefndin eftir fleiri áhugasömum aðilum í stjórn strandblaksnefndar sem eru tilbúnir að hjálpa til við uppbyggingu strandblaks á Íslandi.

*Fyrir hönd strandblaksnefndar BLÍ,
Valgeir Bergmann formaður stjórnar
Sigurður Garðar Barðason, meðstjórnandi.
Benedikt Baldur Tryggvason*

Myndir frá Íslandsmótinu í Strandblaki 2022 sem haldið var af Blakfélagi Hafnarfjarðar í Fagralundi teknar af Önnu Margéti Einarsdóttir.



Skýrsla afreksnefndar BLÍ

Skýrsla afreksnefndar vegna ársins 2022

Mörg og stór verkefni voru hjá okkur á árinu. Við sendum lið til keppni frá U17 til A- liða.

Vilji er hjá stjórn BLÍ að halda áfram uppbyggingu afreksstarfsins og gera það enn faglegra og markvissara en hingað til og ljóst að við eigum mikið inni þar sem við eigum fullt af ungum og efnilegum leikmönnum. Full þörf er á að standa þétt við bakið á landsliðsfólkinu okkar og efla eins og hægt er alla umgjörð, sérstaklega þá sem snýr að heilbrigðisteymi og aðgengi leikmanna að góðri heilbrigðisþjónustu og ekki síst að hlúa að andlegri og sálrænni heilsu sem því miður vill oft vera ansi aftarlega þegar kemur að úthlutun fjármagns.

Afreksnefnd skipa Steinn Einarsson formaður, Hjördís Einarsdóttir, Arnar Már Sigurðsson og Einar Friðgeir Björnsson

A landslið kvenna

Tók þátt í smáþjóðamóti sem haldið var í Mosfellsbæ 13-15 maí 2022. Þetta mót var notað sem undirbúningsmót fyrir U21 liðið okkar sem fór í undankeppni EM í Svartfjallalandi. Þátttökupjóðir voru: Ísland, Færeyjar, Skotland og Írland. Ísland hafnaði í öðru sæti mótsins eftir sigur á Færeyjum og Írum.

A landslið karla

Ferð til Færeyja á Smáþjóðamót 19-21 maí 2022. Þetta mót var notað sem undirbúningsmót fyrir U22 liðið okkar sem fór í undankeppni EM í Tyrklandi. Þátttökupjóðir voru: Ísland, Færeyjar, Skotland og San Marínó. Ísland tapaði öllum sínum leikjum á mótinu.

U 21 landslið kvenna

Fór til Svartfjallalands 19-21 maí 2022 og tók þátt í undankeppni Evrópumóts U21 kvk. Leikið var í Podgoica í Svartfjallalandi. Þátttökupjóðir í mótinu voru; Ísland, Svartfjallaland, Portúgal og Tyrkland. Ísland tapaði öllum sínum leikjum á mótinu.

U 22 landslið karla

Fór til Tyrklands 19-21 maí og tók þátt í undankeppni Evrópumóts U22 kk. Leikið var í Ankara í Tyrklandi. Þátttökupjóðir í mótinu voru: Ísland, Danmörk, Tyrkland og Úkraína. Ísland tapaði öllum sínum leikjum.

Undankeppni EM 2023

Í júní 2022 hófust æfingar hjá A landsliði karla fyrir þátttöku þeirra í undankeppni Evrópumóstsins. 2023. Þar var leikið heima og að heiman í ágúst 2022. Þjálfari liðsins var Santiago Garcia Domench sem stýrði öllum æfingum og leikjum liðsins í þessu verkefni.

Í júlí hófust æfingar hjá kvennaliðinu fyrir sama verkefni og þar var Borja Gonzalez Vicente þjálfari.

Í ágúst og september spiluðu kk og kvk landsliðin í undankeppni Evrópumóts 2023, þar sem hvort lið lék 6 leiki, 3 heima og 3 útileiki. Þetta var langstærsta landsliðsverkefni ársins þar sem mikið var um ferðalög. Karlaliðið fór í þrjár ferðir fram og til baka. Okkur tókst að færa til leiki hjá konum þannig að þær fóru út og spiluðu alla þrjá útileikina í sömu ferðinni. Bæði lið töpuðu sínum leikjum en sýndu góða leiki og verður spennandi að fylgjast með þróun liðanna á næstu árum.

Kröfur varðandi heimaleiki eru miklar og kostnaður sömuleiðis mikill.

U17 og U19 landsliðin

Eins og síðustu ár þá sendum við lið til keppni í NEVZA en þetta er helsta verkefni þessara liða ár hvert.

U17 mótið fór fram í IKAST í Danmörku þar sem við sendum til leiks bæði kk og kvk lið. Stelpurnar náðu 3 sætinu af 6 liðnum. Strákarnir enduðu í 6 sæti af 6 liðum.

U19 móti fór fram í Rovaniemi í Finnlandi þar sem við sendum til leiks kvk lið. Liðið endaði í 5 sæti af 7 liðum.

Við viljum þakka öllum þeim fjölmörgu þjálfurum, öðru starfsfólki, stjórnarfólki og sjálfboðaliðum sem komu að öllum þessum verkefnum með okkur. Ekkert af þessu getur átt sér stað nema með mikilli og óeigingjarni vinnu sjálfboðaliða.

Áherslur á næstunni

Áframhaldandi uppbygging heilbrigðisteymis og liðsstjóra til að reyna að ramma betur inn afreksstarfið og umgjörð um landsliðin okkar og leikmenn. Aðeins hefur fjölgað í hópi sjúkráþjálfara hjá okkur og einnig hefur bæst lækni í teymið. Stóra verkefni framtíðarinnar er að ná niður kostnaði landsliðsfólks en það er algjörlega galið að okkar efnilegustu leikmenn sem etv taka þátt í verkefnum með yngri landsliðum og A landsliðum á sama ári séu að greiða mörg hundruð þúsund krónur fyrir að fá að taka þátt fyrir Íslands hönd. Vilji er til að gera samninga til lengri tíma við landsliðsþjálfara þannig að við náum betri samfellu í landsliðsstarfið okkar.

Fyrir hönd afreksnefndar Steinn Einarsson

Starfsskýrsla afreks- og styrktarsjóðs ungra og efnilegra

Afreks- og styrktarsjóði ungra og efnilegra blakmanna bárust 38 umsóknir vegna landsliðsverkefna á árinu 2022. Sjóðurinn mat 30 umsóknir styrkhæfar og greiddi út 762.000,00.- krónur til viðkomandi styrkþega.

Umsóknir voru vegna landsliðsverkefna í U17 og U19 ára landsliðum 2022, þ.e. ferðakostnaður vegna æfingabúða innanlands. Í samræmi við lög og reglur sjóðsins þá er framlag sjóðsins eingöngu notað til þess að styrkja þátttöku í undirbúningi landsliða, vegna æfingabúða.

Sjóðurinn naut stofnframlags frá Blaköldungum frá árinu 2018 og 2019 þ.e. skipuleggjendum Öldungamótsins umrædd ár. Árið 2018 lagði Blakdeild KA inn í sjóðinn og síðan 2019 Þróttur R. og ÍBK.

2018 og 2019 stofnframlag	kr. 2.082.500.-	fjöldi styrkþega 12
2020 Covid ekkert mót		fjöldi styrkþega 0
2021 Covid ekkert mót		fjöldi styrkþega 16
2022 HK	kr. 567.000.-	fjöldi styrkþega 30

Engin Öldungamót áttu sér stað árið 2020 og 2021 en árið 2021 tóku unglingalandsliðin þátt í verkefnum þrátt fyrir Covid.

Staða sjóðsins í árslok 31.12.2022 var kr.: 1.178,674,00.- með áföllnum vöxtum frá upphafi kr. 105.812,00.- og nafnávöxtun 9,9%.

Staða sjóðsins þann 13.04.2022 er kr.: 997.609,00.- sem er í samræmi við yfirlýst markmið að reyna að halda einni milljón til haga.

Rétt er að geta þess að frekari skilgreininga er þörf á framlagi til sjóðsins. Á síðasta starfsári sáu skipuleggjendur sjálfir um stærstan hluta dómgæslu og rann því minna inn í sjóðinn.

Stjórn Afreks- og styrktarsjóðs ungra og efnilegra blakmanna

Stefán Jóhannesson, sign.

Ósk Jörunn Árnadóttir, sign.

Guðmundur Helgi Þorsteinsson, sign.

Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2022-2023 voru það eftirfarandi sem skipuðu fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ: Rósborg Halldórsdóttir (formaður), Thelma Dögg Grétarsdóttir, Tinna Rut Þórarinsdóttir, Rósa Dögg Ægisdóttir, Birkir Freyr Elvarsson og Paula del Olmo.

Þessi nefnd var stofnuð fyrir nokkrum árum en hefur ekki verið mjög virk síðustu ár. Tímabilið byrjaði vel með reglulegum fundum yfir sumarið en það gekk erfiðlegar yfir veturinn með leikmenn í deildum og í mörgum löndum. Þrátt fyrir það þá tókst að koma ýmsum verkefnum af stað.

Þjálfaranámskeið

Haustið 2022 voru auglýst tvö þjálfaranámskeið á fyrsta stigi, eitt í Reykjavík og annað á Akureyri bæði í samruna við afreksbúðir. Aðeins náðist skráning á seinna námskeiðið en þar útskrifuðust 8 þjálfarar. Oscar Celis sá um að kenna verklega hlutann og bóklegi hlutinn var kenndur í samstarfi við Valal Vidal Bouza. Þau fóru eftir kennsluáætlun sem sett var upp af Burkhard Disch þegar námskeiðið var síðast kennt árið 2020.

Í janúar var svo boðið upp á annað þjálfaranámskeið á fyrsta stigi í Reykjavík og þar útskrifuðust 10 þjálfarar. Þjálfarar á námskeiðinu voru Valal og Borja Vicente. Skráning í 2. stig þjálfaranámskeiðsins opnar um miðjan apríl og verður kennt í lok maí.

Í vor byrjaði samstarf við HÍ þar sem þeirra kennsluáætlun var endurhönnuð í samstarfi við BLÍ svo að þeir sem klára íþróttافرæði þar útskrifast með BLÍ1 og 2. Valal kennir nú blakáfanga í HÍ.

Haustið 2023 taka í gildi reglur þar sem öll félög verða að vera með menntaða þjálfara fyrir U12 hópa. Nú er hægt að sjá lista yfir alla þjálfara með menntun á heimasíðu BLÍ.

Þjálfararáðstefna

5 þjálfarar frá sambandinu fóru á þjálfararáðstefnu á vegum CEV í Skopje í Norður-Makedóníu. Boð á ráðstefnuna kemur í gegnum Skólablaksverkefni CEV. Fyrir hönd Íslands fóru Egill Þorri Arnarson, Miguel Angel Ramos Melero, Michelle Traini, Valal Vidal Bouza og Oscar Celis.

Dómaranámskeið

Eftir að Huginn byrjaði að spila í 1. deild þá sárvantaði fleiri menntaða dómara á austurland svo að það var boðið var upp á tvo dómaranámskeið í nóvember og desember, annað í Reykjavík og hitt á Seyðisfirði. Fyrir austan útskrifuðust 6 nýir dómarar en einnig tóku 2 vanir dómarar námskeiðið sem upprifjun. Milli jóla og nýárs var boðið uppá námskeið að Varmá og þar útskrifuðust 8 ungir dómarar frá Aftureldingu. Sævar Már Guðmundsson var kennari á báðum námskeiðunum.

Afreksbúðir ÍSÍ

ÍSÍ bauð í fyrsta sinn upp á afreksbúðir þar sem boðið var upp á 4 fyrirlestra fyrir ungmenni. Þar fóru 35 krakkar sem tóku þátt í afreks- og landsliðsverkefnum í haust frá blaksambandinu og voru með annað hvort í sal eða á netinu.

Fjölþjóðafræðsla

BLÍ tók þátt í að safna upplýsingum frá erlendum blakþjálfurum sem hafa komið og þjálfað á Íslandi um hver upplifun þeirra var af íslensku íþróttalífi og íþróttir í skólum. Með þessu efni verður búinn til pakki fyrir öll sérsambönd til að gefa nýjum þjálfurum til að kynna sér hvernig íslenskt íþróttalíf er. Önnur sérsambönd sem komu að verkefninu voru fimleika-, körfubolta-, skauta- og knattspyrnusambandið.

Erasmus umsókn - We Lead Volleyball Together

BLÍ tók þátt í að senda inn umsókn til Evrópusambandsins sem fékk titillinn *We Lead Volleyball Together* þar sem ungir blakiðkendur fá tækifæri til að vera meira heldur en bara leikmenn og boðið er uppá fræðslu sem tengist leiðtogaþæfni, ákvörðunartöku og skipulagsstarfi í kringum íþróttir, hvort sem þar er sem þjálfari, dómari eða stjórnandi. Umsókn var send inn í samstarfi við blaksambönd Danmerkur, Noregs og Hollands og kemur í ljós í september hvort að verkefnið sé samþykkt fyrir fjárhagslegan stuðning.

Skólablakið

Þetta er annað árið sem BLÍ í samstarfi við CEV, UMFÍ, ÍSÍ og Kristal fór um allt land með Skólablaks verkefnið. Undirbúningur fyrir verkefnið hófst seint í júní og ekki tókst að ráða inn starfsmann fyrir verkefnið svo að mótastjóri og framkvæmdarstjóri skiptu með sér verkum og komust í gegnum verkefnið en það er alveg ljóst að það þarf að vera starfsmaður sem sér um þetta verkefni frá A til Ö. Valal Vidal Bouza var verkefnastjóri viðburðanna og sá um öll samskipti við CEV.

Haldnir voru 13 viðburðir um allt land þar sem öllum krökkum í 4.-6. bekk var boðið og tóku 2800 krakkar þátt frá 45 skólum. Staðirnir voru: Ísafjörður, Hveragerði, Reykjanesbær, Reykjavík(x2), Kópavogur, Keflavík, Hafnarfjörður, Akureyri, Siglufjörður, Höfn, Grundarfjörður og Mosfellsbær. Allir krakkarnir sem tóku þátt voru virkilega ánægð með þetta og skemmtu sér konunglega. Eins má segja með þá kennara sem mættu þar sem allir voru sammála um að þetta væri frábær tilbreyting inn í íþróttakennsluna. Þetta er örlítil aukning síðan í fyrra en til að þetta verkefni dafni eins og það getur þarf aukinn starfskraft.

Boðið var upp á námskeið fyrir íþróttakennara í lok ágúst og byrjun september í Mosfellsbæ og Akureyri þar sem farið var yfir hvernig má koma blakkennslu í íþróttatíma í skólum. Námskeiðið var mest verklegt en Valal og Oscar sáu um að kenna þau námskeið og Remko Kenter var fyrirlesari á báðum námskeiðum þar sem hann kynnti verkefnið sitt *Action Volley*.

Vorönnin einkennist svo af skólaheimsóknum og æfingabúðum fyrir krakka. Í janúar voru haldnar nýársbúðir í samvinnu við þjálfaranámskeið. Valal Vida Bouza og Borja Vicente hafa svo verið að heimsækja skóla á höfuðborgarsvæðinu og kenna íþróttatíma ásamt kennurum.

Katrín Einarsdóttir og Grétar Eggertsson fóru á ráðstefnu um framtíð skólablaksins í Lúxemborg í febrúar þar sem verkefnið fékk styrk frá Evrópusambandinu og hvernig áherslurnar verða næstu ár. Skólablakið er virkilega mikilvægur hlekkur fyrir útbreiðslu blaks á Íslandi.

Fréttabréf - Blakfréttir

Fréttabréf blaksambandsins var sent út í fyrsta sinn síðan á síðustu öld og fékk nafnið Blakfréttir eftir miðlinum góða sem flutti fréttir af blaki í heiminum þangað til fyrir nokkrum árum. Fyrsta bréfið var sent út í

byrjun apríl og mun vera sent út mánaðarlega til allra meðlima blaksambandsins og þeirra sem skrá sig á póstlista.

Skýrsla rituð af Rósborgu Halldórsdóttur, formanni nefndarinnar.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ

Birkir Freyr Elvarsson

Paula del Olmo

Rósa Dögg Ægisdóttir

Rósborg Halldórsdóttir

Thelma Dögg Grétarsdóttir

Tinna Rut Þórarinsdóttir

Skýrsla dómarnefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2022-2023 skipuðu Jason Ívarsson, Árni Jón Eggertsson, Jón Ólafur Valdimarsson og Sigríður Pálsdóttir dómarnefnd. Sævar Már Guðmundsson var starfsmaður nefndarinnar og aðaltengiliður við BLÍ.

Nefndarmenn ásamt Sævari Má sáu um að raða dómurum niður á leiki tímabilsins.

Í upphafi keppnistímabilsins var haldinn fundur með dómurum þar sem farið var yfir helstu atriði sem varða dómgælsu og túlkun á leikreglum. Á fundinum báru dómarar saman bækur sínar og miðluðu af reynslu sinni sín á milli.

Dómarnefndin hélt dómarnámskeið á Austurlandi í nóvember. Sævar Már var kennari á námskeiðinu sem var haldið á Seyðisfirði. Þar útskrifuðust 6 nýir dómarar auk þess sem 2 sátu námskeiðið sér til endurmenntunar. Fyrirhugað er að halda endurmenntunarnámskeið fyrir virka og óvirka dómara fyrir vorið.

Dómarnefndin hélt annan fund með dómurum í byrjun janúar. Á þeim fundi var m.a. farið yfir reynslu dómara af fyrri hluta keppnistímabilsins og áfram skiptust dómarar á skoðunum með það að leiðarljósi að samræma dómgæsluna eins vel og hægt er. Þar var einnig rætt um nauðsyn þess að allir starfsmenn keppnisleiks séu með hlutverk sitt á hreinu.

Helstu niðurstöður fundarins voru teknar saman og óskað eftir því að stjórn BLÍ sendi þær til forsvarsmanna félaga sem eru með keppnisið í tveimur efstu deildum Íslandsmótsins.

Helsta áskorun félagana utan höfuðborgarsvæðisins er að fjölga dómurum á sínum svæðum. Þrátt fyrir að starfandi dómarar séu ekki fleiri en raun ber vitni þá hefur gengið vel að manna leiki vetrarins.

Alþjóðlegu dómarnir fengu úthlutað nokkrum verkefnum í Evrópu á keppnistímabilinu. Þeir dæmdu einnig á þeim mótum sem Ísland sendi lið til þátttöku á vegum NEVZA og SCA.

Dómarnefnd þakkar öllum dómurum fyrir samstarfið á keppnistímabilinu og vonast til þess að fá að njóta krafta þeirra áfram jafnframt sem nýir dómarar eru boðnir velkomnir í hópinn.

Fyrir hönd dómarnefndar



Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2022

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur



Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar

Ársreikningur þessi fyrir árið 2022 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjunum og reglum þeim er Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrri sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2022, efnahagsreikningi þann 31. desember auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með undirritun okkar.

Grétar Eggertsson
formaður BLÍ

Katrín Einarsdóttir
framkvæmdastjóri BLÍ

Auður Ösp Jónsdóttir
gjaldkeri BLÍ

Davíð Búi Halldórson
kjörinn skoðunarmaður

Hjörtur Bjarki Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2022

	skýr	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	36.198.540	33.135.602
Mótatekjur.....	2	29.783.503	22.103.523
Aðrar tekjur.....	3	25.992.452	19.686.523
		<u>91.974.495</u>	<u>74.925.923</u>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	30.237.008	26.133.424
Íþróttaleg viðskipti.....	5	69.295.717	37.484.144
Kynning og fræðsla.....	6	3.503.181	7.635.682
Önnur gjöld.....	7	7.719.052	314.884
Afskriftir.....	8	0	250.000
		<u>110.754.958</u>	<u>71.818.137</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(18.780.463)	3.107.786
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9	51.569	61.704
Vaxtagjöld.....	10	(955.783)	(331.593)
		<u>(904.214)</u>	<u>(269.889)</u>
Hagnaður ársins		<u>(19.684.677)</u>	<u>2.837.897</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	skýr	2022	2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	346.086	346.086
Blakdúkur.....	12	<u>250.000</u>	<u>250.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>596.086</u>	<u>596.086</u>
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	6.515.533	4.422.458
Aðrar skammtímakröfur.....	13	0	2.185.690
Handbært fé	14	<u>1.901.853</u>	<u>8.715.376</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>8.517.386</u>	<u>15.323.524</u>
 Eignir samtals		<u>9.113.472</u>	<u>15.323.524</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	skýr	2022	2021
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap.....	15	(6.852.525)	9.994.255
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>(6.852.525)</u>	<u>9.994.255</u>
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....	16	709.286	0
Viðskiptareikningur ÍSÍ.....	17	0	0
Ógreiddur kostnaður.....	18	13.185.631	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	<u>2.071.080</u>	<u>4.459.294</u>
<i>Skuldir samtals</i>		<u>15.965.997</u>	<u>4.459.294</u>
 Eigið fé og skuldir samtals			
		<u>9.113.472</u>	<u>14.453.549</u>

Sundurliðanir

Tekjur

	2022	2021	
Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSí.....	4.392.987	4.169.087	
Lottó.....	13.084.945	12.090.080	
Erasmus.....	886.538	2.656.725	
Afreksstyrkir ÍSí.....	13.000.000	9.448.233	
Ríkisstyrkur.....	3.140.000	3.140.000	
Aðrir styrkir.....	954.348	1.631.477	
Ungir og efnilegir.....	2.126.260		
Tekjur vegna öldungamóts.....	1.712.500		
	39.297.578	33.135.6002	1
15100 Bikarkeppni			
Þátttökugjöld.....	845.443	729.420	
styrktaraðilar.....	1.395.115	2.125.000	
aðgangseyrir.....	1.277.763	594.000	
	3.518.321	3.448.420	2
15200 Íslandsmót			
Þátttökugjald.....	15.157.680	13.772.870	
fjölmiðlagjald.....			
styrktaraðilar.....			
	15.157.680	13.772.870	2
	2022	2021	
15400 Strandblaksmót			
Þátttökugjöld.....	2.071.000	1.893.220	
styrktaraðilar.....	43.479		
	2.114.479	1.893.220	2
15550 Alþjóðamót			
Tekjur v/EM frá þjóðum og CEV ofl.....	9.124.770	2.989.288	
	9.124.770	2.989.288	2
Mótatekjur samtals	29.915.250	22.103.798	
Fjáraflanir			
13000 Yngriflokkaneftnd			
Krakkablað.....	146.894		
Afreksbúðir BLÍ.....	222.544	4.485.420	
Blak í skóla / hæfileikabúðir.....	3.560.809	1.606.340	
Æfingabúðir.....	6.750		
Námskeið.....	84.000		
Styrkir frá fyrirtækjum.....	111.940		
	4.126.837	6.091.760	3
14100 A Landslið karla			
Ferðagjald.....	1.050.000	0	
Styrkir.....	55.000		

Sala.....	93.000		
	1.198.000	0	3
14200 A landslið kvenna			
Ferðagjald.....	1.505.763	0	
Sala.....	106.181		
	1.511.944	0	3

Sundurliðanir

	2022	2021	
14400 U 19			
ferðagjald.....	4.730.000	2.630.000	
Styrkir.....	491.634		
	5.221.634	2.630.000	3
14500 U 17			
ferðagjald.....	1.980.000	3.003.000	
sala styrkir.....	491.634	144.000	
	2.471.634	3.147.000	3
Aðrar fjáraflanir			
Landslið.....	2.636.250	0	
lökendagjald.....	6.156.685	3.937.410	
	8.792.935	3.937.710	3
Annað			
Félagaskipti.....	1.360.500	950.500	
Tekjur v/æfingabúða námsk. Ofll.....	224.667	0	
Aðrar tekjur án VSK.....	901.415	2.959.553	
	2.486.292	3.880.053	3
Aðrar tekjur samtals	25.992.452	19.686.523	3

Gjöld

	2022	2021	
Laun og launatengd gjöld			
Laun.....	15.178.951	16.051.700	
Tryggingagjald.....	1.118.241	1.098.396	
Mótframlag í lífsj.....	1.627.625	1.633.766	
Mótframlag í séreignarsjóð.....	303.580	321.034	
Endurhæfingasjóður.....	14.425	16.057	
Mótframlag til stéttarfélags.....	227.160	243.958	
Stéttarfélagsgjald úr launakerfi.....	243.639		
Bifreiðastyrkur.....	400.000		
Dagpeningar.....	3.407.130	2.172.000	
	22.277.112	21.536.911	4
32000 Stjórnunarkostnaður			
Funda og þingkostnaður.....	941.131	484.702	
Kaffikostnaður og risna.....	366.845	630.525	
Tölvukostnaður heimasíða.....	939.967		
Annað.....	73.758		
Vegna funda erlendis.....	2.438.259	1.074.311	

Húsaleiga.....	1.367.389		
	6.124.349	2.839.338	4

Sundurliðanir

	2022	2021	
Sími.....	184.346	227.785	
Ritföng.....	54.740	81.006	
Prentun.....	8.501	0	
Póstkostnaður.....	4.528	250	
Gjaldfærð áhöld.....	109.512	577.258	
Annar skrifstofukostnaður.....	1.473.920	870.879	
	1.835.547	1.757.879	4

Yfirstjórn samtals	30.237.008	26.133.427	
---------------------------	-------------------	-------------------	--

34100 A-landslið karla

Ferðir karla.....	9.379.149	396.936	
Gisting og uppihald.....	4.541.046	0	
Ferðakostaður innanlands kk.....	740.897	145.901	
Búningar.....	11.290	0	
Leyfisgjöld og tryggingar.....	354.039	0	
Fagteymi.....	382.187	47.597	
Þjálfarar.....	1.616.038	845.000	
Annað.....	2.237.167	310.185	
	19.261.813	1.745.619	5

34200 A-landslið kvenna

Ferðir kvenna.....	5.626.000	0	
Leyfisgjöld og tryggingar.....	315.333	0	
Fagteymi.....	376.736	48.251	
Ferðakostnaður innanlands	611.869	0	
Þjálfarar.....	718.728	392.213	
Afrekssjóri.....	0	852.235	
Annað.....	470.429	48.859	
	8.119.095	1.342.558	5

36000 Strandblak - landslið

Til félaga vegna mótahalds.....	1.541.844		
Þátttaka RIG.....	231.000	306.413	
Ferðakostnaður innanlands	45.085		
	1.817.929	306.413	5

Sundurliðanir

	2022	2021	
37000 U 19			
Ferðir	3.320.956	3.958.159	
Gisting og uppihald u19.....	305.780	1.623.116	
Fagteymi.....	354.000	319.324	
Ferðakostnaður innanlands	290.115	1.281.198	
Þjálfarar.....	662.289	517.463	

Annað.....	2.600.618	237.701	
	7.533.758	7.936.961	5
57000 U 17			
Ferðir kvk.....	2.549.254	5.467.323	
Gisting og uppihald.....	307.839	1.589.405	
Fagteymi.....	253.200	317.429	
Ferðakostnaður innanlands.....	415.286	464.198	
Þjálfarar.....	99.491	411.800	
Stóru Laugar og þátttaka NEVZA.....	1.250.971	534.746	
	5.387.541	8.784.898	5
42000 Íslandsmót			
Húsaleiga.....			
Dómarar.....	6.182.493	5.912.560	
Verðlaun.....	774.639	419.900	
Útsending.....	175.000	488.741	
Ferðakostnaður	76.009	773.813	
Annað.....	615.793	1.006.457	5
	7.824.024	8.601.471	
43000 Yngriflokkamót			
Ferðakostnaður.....	376.566	0	
Þjálfarar.....	277.600	0	
SCA mót, hæfileikab, umsj, ofl.....	1.602.612	1.515.623	
	3.556.778	1.883.923	
45000 Strandblaksmót			
Verðlaun.....	5.040		
Ferðakostnaður.....	41.057	1.282.480	
Annað.....	5.916		
	52.013	1.282.480	5
49000 EM smáþjóða			
heimaleikir EM.....	13.907.265	3.456.969	5
48500 Bikarmót			
Húsaleiga.....	306.180	248.700	
Dómarar.....	425.516	383.000	
Verðlaun.....	184.400	63.800	
Ferðakostnaður.....	14.156	370.915	
Auglýsingar til útsendinga.....	190.000	565.999	
Greitt til félaga.....	0	330.000	
Annað.....	688.249	210.838	
	1.835.501	2.142.852	5
Íþróttaleg viðskipti samtals	69.295.717	37.484.144	

Sundurliðanir

56000 kynning fræðsla útbreiðsla	2022	2021
Námskeiðahald.....	185.697	287.165
Styrkir.....	468.000	631.000
Skólablak.....	1.435.539	6.357.517
Vettvangur íþróttar.....	1.414.945	360.000
	3.503.181	7.635.682

	2022	2021	6
Ýmislegt			
Sameiginlegur kostnaður landsliða.....	7.300.474	81.038	7
Þjónustugjöld banka.....	204.872	72.741	7
Árgjöld NEVZA	81.939	80.570	7
Árgjöld CEV.....	103.367	617.167	7
Árgjöld FIVB.....	0	13.368	7
Árgjöld SCD.....	28.400	0	7
Afskrifaðar kröfur.....	0	0	7
Fyrningar.....	0	250.000	8
	<u>7.719.052</u>	<u>564.884</u>	
 Fjárm.tekjur og gjöld			
Vaxtatekjur.....	51.569	61.704	9
Vaxtagjöld.....	(192.653)	(18.472)	10
Dráttarvextir.....	63.882	(0)	10
Gengismunur.....	(98.820)	15.783	10
Korta payments.....	(402.044)	(89.997)	10
Greiðslukortaóknu.....	(195.383)	(190.378)	10
Fjármagnstekjuskattur.....	(3.001)	(16.963)	10
	<u>(904.214)</u>	<u>(269.889)</u>	

Viðaukar

Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ
þann 14. júní 2020 höfðu eftirtaldir hlotið heiðursmerki BLÍ

Heiðursmerkishafar BLÍ – Gull	ár	Silfurmerkishafa BLÍ silfur	ár
John Framnes	1973	Arngrímur Þorgrímsson	
Albert H.N. Valdimarsson	1973	Jón Ólafur Valdimarsson	
Anton Bjarnason	1975	Stefán Jóhannesson	
Hermann Stefánsson	1974	Jason Ívarsson	
Ólafur Sigurðsson	1993	Leifur Harðarson	
Kjartan Páll Einarsson	1995	Björn Guðbjörnsson	
Guðmundur Arnaldsson	1995	Elma Guðmundsdóttir	
Gunnar Árnason	1997	Guðrún Kristín Einarsdóttir	
Halldór Jónsson	1997	Jón Árnason	
Grímur Magnússon	1997	Sigurður Arnar Ólafsson	
Stefán Jóhannesson	1999	Þorvarður Bragi Sigfússon	
Arngrímur Þorgrímsson	2001	Berglind Þórhallsdóttir	1997
Björn Guðbjörnsson	2001	Stefán Magnússon	1998
Valdimar Örnólfsson	2001	Vilborg Guðmundsdóttir	2004
Berglind Þórhallsdóttir	2002	Geir Guðnason	2004
Björgólfur Jóhannsson	2002	Ástríður Valbjörnsdóttir	2007
Leifur Harðarson	2002	Haukur Valtýsson	2008
Petrún Björg Jónsdóttir	2002	Gunnar Garðarsson	2008
Skjöldur Vatnar Björnsson	2002	Davíð Búi Halldórsson	2008
Þorvaldur Sigurðsson	2002	Viðar Gylfason	2008
Jónas Traustason	2003	Vigfús Örn Gíslason	2008
Dr. Ingimar Jónsson	2005	Zdravko Demirev	2009
Júlíus Hafstein	2006	Karl Sigurðsson	2009
Sigurður Arnar Ólafsson	2008	Ásta Sigrún Gylfadóttir	2011
Vignir Þröstur Hlöðversson	2008	Svala Vignisdóttir	2012
Guðmundur Helgi Þorsteinsson	2008	Kristján Geir Guðmundsson	2012
Jón Ólafur Valdimarsson	2012	Miglena Apostolova	2012
Guðrún Kristín Einarsdóttir	2012	Einar Sigurðsson	2012
Karl Sigurðsson	2012	Apostol Apostolov	2012
Ásta Sigrún Gylfadóttir	2014	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	2012
Einar Sigurðsson	2014	Brynjar Júlíus Pétursson	2012
Emil Gunnarsson	2018	Aðalsteinn Einar Eymundsson	2012
Fríða Sigurðardóttir	2018	Sævar Már Guðmundsson	2014
Jason Ívarsson	2019	Halldór Ingi Kárasen	2014
Vilborg Guðmundsdóttir	2020	Sigurlaugur Ingólfsson	2014
		Björg Ragna Erlingsdóttir	2014
		Hrafnhildur Theódórsdóttir	2014
		Óskar Hauksson	2015
		Hildur Mósesdóttir	2017
		Grétar Eggertsson	2016
		Filip Pawel Szcwzyk	2018
		Una Kristjana Jónatansdóttir	2018
		Karl Matthías Valtýsson	2018
		Ólafur Jóhann Júlíusson	2018
		Árni Jón Eggertsson	2018
		Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2018
		Mundína Ásdís Kristinsdóttir	2018

Silfurmerkishafa BLÍ silfur **ár**

Sunna Þrastardóttir	2019
Gunnþór Jens Matthíasson	2019
Andri Hnikarr Jónsson	2019
Sigríður Halldóra Pálsdóttir	2019
Brynja Guðjónsdóttir	2019
Hrafnhildur Brynjólfsson	2019
Magnús Haukur Ásgeirsson	2020
Heiða Ösp Jónsdóttir	2020
Halldór Elvarsson	2020
Eyrún Harpa Hlynisdóttir	2020
Auður Ösp Jónsdóttir	2020
Steinn Einarsson	2020
Arnar Már Sigurðsson	2021
Sigríður Þrúða Þórarinsdóttir	2021
Sigurður Jón Hreinsson	2021
Kristján Tryggvi Sigurðsson	2021
Marínó Þorsteinsson	2021

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir	1997
Birna Hallsdóttir	2007
Vignir Hlöðversson	2007
Emil Gunnarsson	2007
Ólafur Heimir Guðmundsson	2007
Fríða Sigurðardóttir	2007
Róbert Karl Hlöðversson	2009
Valur Guðjón Valsson	2009
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2011
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2013
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	2015
Karen Björg Gunnarsdóttir	2016
Kristján Valdimarsson	2016
Hafsteinn Valdimarsson	2016
Alexander Stefánsson	2017
Hjördís Eiríksdóttir	2017
Erla Rán Eiríksdóttir	2019
Lúðvík Már Matthíasson	2019
Thelma Dögg Grétarsdóttir	2020

Heiðursformenn BLÍ

Albert H.N. Valdimarsson	2012
Dr. Ingimar Jónsson	2012
Tómas Tómasson	2012
Guðmundur Arnaldsson	2012
Björgólfur Jóhannsson	2012
Skjöldur Vatnar Björnsson	2012
Kjartan Páll Einarsson	2012
Arngrímur Þorgrímsson	2012
Björn Guðbjörnsson	2012
Stefán Jóhannesson	2012

Júlíus Hafstein
Jason Ívarsson

2012
2019

Viðaukar - Strandblak

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokkki:

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage
 2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
 2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
 2014 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2015 – Karl Sigurðsson og Guðmundur P. Guðmundsson
 2016 – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson
 2017 – Janis Novikovs og Austris Bukovskis
 2018 – Austris Bukovskis og Sigþór Helgason
 2019 – Sigþór Helgason og Miguel Mateo Castrillo
 2020 – Emil Gunnarsson og Austris Bukovskis
 2021 – Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández
 2022 – Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández

Í kvennaflokkki:

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
 2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
 2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir
 2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir
 2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2013 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2014 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2015 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2017 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2018 – Velina Apostolova og Perla Ingólfssdóttir
 2019 – Hulda Elma Eysteinsdóttir og Paula Del Olmo
 2020 – Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir
 2021 – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir
 2022 – Elísabet Einarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir

Fjöldi dæmdra leikja

2022-2023

Fjöldi

Angelica Orobio Rodriguez	9
Arnar Guðmundsson	7
Árni Jón Eggertsson	26
Atli Freyr Björnsson	15
Bjarni Páll Vilhjálmsson	4
Guðmundur Gunnarsson	5
Guðný Rut Guðnadóttir	16
Guðrún Ósk Ólafsdóttir	15
Gunnar Garðarsson	14
Gunnhildur Hinriksdóttir	3
Haraldur Örn Björnsson	3
Ismar Hadziredzepovic	20
Jason Ívarsson	11
Jón Ólafur Valdimarsson	23
Kristján Geir Guðmundsson	18
Marinó Þorsteinsson	10
Mateusz Klóska	9
Ólafur Jóhann Júlíusson	28
Rósborg Halldórsdóttir	9
Sigríður Pálsdóttir	3
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	7
Sigurður Jón Hreinsson	3
Sigurfinnur Líndal Stefánsson	10
Sólveig Pálsdóttir	5
Sævar Már Guðmundsson	26
Zdravko Demirev	27
Þorsteinn Guðnason	19
Þorvarður Sigurbjörnsson	13
Þorvaldur Þorsteinsson	19

Alls	377
------	-----